

# Samningur um almenn og sértæk markmið í rekstri NBI hf.

---

**Gerður milli Bankasýslu ríkisins og stjórnar NBI hf.**

Desember 2010

Undirritaðir aðilar, Bankasýsla ríkisins og stjórn NBI hf. (NBI hf. er hér eftir í samningi þessum nefndur jöfnum höndum „Landsbankinn“ eða „bankinn“), hafa gert með sér þennan samning (hér eftir „samningurinn“) vegna eiginfjárframlags ríkisins til Landsbankans, um almenn og sérstök markmið í rekstri bankans. Samningurinn er gerður í samræmi við ákvæði e. liðar 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins.

## 1. Inngangur

### 1.1. Tilkoma og hlutverk Bankasýslu ríkisins

Þann 18. ágúst 2009 voru samþykkt á Alþingi lög nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins. Bankasýsla ríkisins er sérstök ríkisstofnun og heyrir undir fjármálaráðherra. Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum í samræmi við lög, góða stjórnarsýsluhætti og eigendastefnu ríkisins á hverjum tíma og leggur þeim til fé fyrir hönd ríkissjóðs á grundvelli heimildar í fjárlögum, sbr. 1. gr. laganna.

### 1.2. Eigendastefna ríkisins

Ríkið hefur sett sér eigendastefnu vegna eignarhalds í fjármálafyrirtækjum (sjá viðauka við þennan samning). Í eigendastefnunni er lýst markmiðum ríkisins sem eiganda að fjármálafyrirtækjum meðan endurreisn íslensks fjármálakerfis stendur yfir.

### 1.3. Markmið samnings

Markmið samningsins er að framfylgja lögákveðnu hlutverki Bankasýslu ríkisins um að setja Landsbankanum almenn og sértæk markmið í rekstri í samræmi við eigendastefnu ríkisins, sbr. 4. gr. laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins.

## 2. Skilgreiningar

**Arðsemi reglulegs rekstrar:** (reglulegar tekjur - reglulegur rekstrarkostnaður)/eigið fé í upphafi árs.

**Reglulegar tekjur:** Hreinar vaxtatekjur og þjónustu- og þóknunartekjur auk arðgreiðsla.

**Reglulegur rekstrarkostnaður:** Laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna.

**Meðalstaða heildareigna:** (Staða eigna í upphafi rekstrarárs + staða eigna í lok árs)/2

**Áhættulausir vextir:** Miða ber við meðalávöxtunarkröfu sem gerð er til 10 ára óverðtryggðra ríkisskuldabréfa sem skráð eru í Kauphöll. Dæmi: Fyrir árið 2011 verður miðað við RIKB19 og meðaltals-ávöxtunarkröfu allra viðskiptadaga á viðkomandi ári.

## 3. Almenn ákvæði

Landsbankinn skuldbindur sig til að starfa í samræmi við lög og reglur sem um starfsemina gilda á hverjum tíma. Rekstri bankans skal hagað í samræmi við ákvæði laga um

fjármálafyrirtæki og önnur lög, reglugerðir og reglur sem um starfsemina gilda og í samræmi við almenn og sérstök fyrirmæli Fjármálaeftirlitsins og eftir því sem við á Seðlabanka Íslands.

Landsbankinn skuldbindur sig til að haga starfsemi bankans í samræmi við bestu framkvæmd um góða stjórnarhætti, eigandastefnu ríkisins og í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti á fjármálamarkaði.

#### 4. Sérstök ákvæði

##### 4.1. Rekstrarmarkmið

Landsbankinn mun leita ítrustu leiða til að tryggja hagkvæman rekstur, þar með talið með aðhaldi í launapróun, endurmati á starfsmannafjölda og fjölda útibúa. Reglulegur rekstrarkostnaðar sem hlutfall af meðalstöðu heildareigna skal vera jafn eða lægri en 1,5% vegna rekstrarársins 2011.

##### 4.2. Arðsemi

Landsbankinn skal hafa að markmiði að arðsemi af reglulegum rekstri til lengri tíma litið sé þannig að bankanum sé unnt að auka við eigið fé sitt á almennum markaði við eðlileg markaðsskilyrði. Þá skal til þess litið að eignarhlutir eigenda bankans verði álitlegur fjárfestingarkostur. Bankinn skal vinna að því í samvinnu við Bankasýslu ríkisins að móta stefnu um hvernig náð verði markmiði um dreifða eignaraðild sem sett er fram í eigandastefnu ríkisins.

Nægileg arðsemiskrafa til lengri tíma tekur mið af markaðskröfu á fjármagni til lengri tíma og rekstrarafkomu fyrir skatta og aðrar sérstakar nýjar opinberar álögur á fjármálafyrirtæki. Að lágmarki skal stefna að 7% arðsemi af reglulegum rekstri umfram áhættulausa vexti miðað við 12% eiginfjárhlutfall. Þegar gerð er krafa um 16% eiginfjárhlutfall ber að stefna að arðsemi sem nemur að lágmarki 5,25% umfram áhættulausa vexti.

Aukinni arðsemi skal náð með arðbærni undirliggjandi rekstrar að leiðarljósi. Í þessu getur falist árangur í markaðsstarfi, fækkun starfsmanna og útibúa, lækkun kostnaðarhlutfalls, sameiningar o.s.frv. Ekki er ætlast til að aukinni arðsemi sé náð með óhóflegri aukningu í vaxtamun. Framangreindum ráðstöfunum er ætlað að auka samkeppnishæfni bankans til lengri tíma og stuðla að heilbrigðara bankakerfi.

##### 4.3. Heilbrigður rekstur

Landsbankinn er virkur þátttakandi á íslenskum hlutabréfa-, peninga- og gjaldeyrismarkaði og mun sem slíkur stuðla að uppbyggingu heilbrigðs fjármálamarkaðar.

Stjórn skal setja bankanum markmið um hvernig stýra skuli áhættu í rekstri bankans og hvernig hún skuli meðhöndluð. Stjórn skal skilgreina með trúverðugum hætti hvernig takmarka skuli áhættu í rekstri bankans og setji sér mælanleg markmið í því sambandi.

Stjórn setur fram tillögu að starfskjarastefnu sem tekur mið af ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki og reglum Fjármálaeftirlitsins. Meginmarkmið starfskjarastefnu verði að



hvetja til uppbyggingar á heilbrigðu og öflugu fjármálafyrirtæki sem forðast óhóflega áhættusækni og skammtímasjónarmið.

Stjórn skal setja sér stefnu um starfsmannamál, um samfélagslega ábyrgð, jafnrétti og þátt bankans í umhverfisvernd og sjálfbærri þróun. Stjórn skal tryggja að skipaðir verði tilteknir ábyrgðarmenn innan bankans til að framfylgja markmiðum stjórnar í þessum efnum.

#### 4.4. Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja og heimila

Landsbankinn skal vera virkur þátttakandi í að leita leiða til að vanda úrvinnslu og hraða endurskipulagningu lánasafns bankans. Við skuldbreytingar fyrirtækja og heimila og fjárhagslega endurskipulagningu skal Landsbankinn:

- Starfa í samræmi við gildandi lög, reglur og tilmæli eftirlitsaðila.
- Starfa í samræmi við heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti.
- Leitast við að hámarka verðmæti krafna sinna, m.a. með því að viðhalda góðri yfirsýn yfir stöðu lántakenda og bregðast við án tafa verði breytingar á stöðu þeirra.
- Hafa að leiðarljósi sjónarmið um heilbrigðan bankarekstur til lengri tíma.
- Hraða fjárhagslegri endurskipulagningu þannig að á árinu 2011 verði lokið meira en 75% af þeirri endurskipulagningu lána sem skilgreint hefur verið í viðskiptaáætlun að þurfi að eiga sér stað. Fjárhagslegri endurskipulagningu verði lokið á árinu 2012.

#### 5. Upplýsingagjöf til hluthafa og eftirfylgni

Landsbankinn lætur Bankasýslu ríkisins í té þær upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu samkvæmt lögum. Gætt skal að jafnræði hluthafa þannig að upplýsingagjöf til þeirra sé samræmd. Neðangreindar upplýsingar ber bankanum að veita.

##### 5.1. Viðskiptaáætlun

Viðskiptaáætlun vegna komandi rekstrarárs skal afhent hluthöfum innan 15 daga frá því að hún hefur verið samþykkt af stjórn bankans. Bankinn skal kynna viðskiptaáætlunina fyrir hluthöfum á sérstökum fundi. Viðskiptaáætlun skal innihalda yfirlýsingu um markmið í rekstri og hvernig bankinn hyggst ná þeim markmiðum. Viðskiptaáætlun skal gera grein fyrir heildar rekstraráætlun ásamt áætlun um þróun efnahags. Þá skal viðskiptaáætlun sundurliðuð niður á einstakar mikilvægar einingar í rekstrinum. Áætlanir skulu gera grein fyrir fyrirhugaðri sölu og/eða yfirtöku eigna. Í áætlunum skal gerð grein fyrir samanburði við rauntölur næstliðins rekstrarárs.

##### 5.2. Ársreikningur og aðalfundur

Afhenda skal hluthöfum endurskoðaðan ársreikningi eigi síðar en 3 mánuðum eftir að 12 mánaða uppgjörstímabili lýkur (fjárhagstímabili). Aðalfundur skal haldinn fyrir 1. maí ár hvert.

##### 5.3. Ársfjórðungsleg skýrslugjöf

Ársfjórðungslega, innan 60 daga frá lokum hvers ársfjórðungs (31. mars, 30. júní og 30. september) skal afhenda hluthöfum árshlutareikninga í sama formi og þeir eru sendir

Fjármálaeftirlitinu. Árshlutareikningarnir skulu sendir hluthöfum án ónauðsynlegrar tafar eftir að þeir eru samþykktir af stjórn og fyrir opinbera birtingu.

#### 5.4. Upplýsingafundir með hluthöfum

Í framhaldi af afhendingu ársfjórðungs uppgjöra, ársreikninga og viðskiptaáætlunar skal stjórn bankans boða til kynningarfundar þar sem farið er yfir árangur ársfjórðungs/árs, stöðu og horfur. Á fundunum skal farið yfir eftirfarandi atriði:

1. Rekstrar- og efnahagsreikningur bankans, brotið niður á viðskiptaæiningar.
2. Greining á helstu liðum efnahags, þ.m.t. innlán, útlán (breytingar á lánabók og endurskipulagning lána), skuldabréf við LBI hf.
3. Samanburður afkomu viðskiptaæininga við fyrra ár. Skýringar á mikilsverðum atriðum í rekstri hverrar viðskiptaæiningar.
4. Áhættugreining. Skýringar á mikilsverðum atriðum varðandi áhættustöðu bankans, m.a. útlána- og uppgjörssáhætta, gjaldeyris- og markaðsáhætta, lausafjárstaða og þróun eiginfjárstöðu.

#### 5.5. Eftirfylgni

Í tengslum við aðalfund skal bankinn halda kynningarfund þar sem farið er yfir ítarlega kynningu á rekstri liðins árs. Frá árinu 2011 og árlega eftir það, á meðan samningurinn er í gildi, skal fara nákvæmlega yfir ákvæði samningsins og hvernig bankinn hefur mætt þeim samningsákvæðum og markmiðum sem þar eru sett fram. Bankinn skal skila skriflegri skýrslu um efnið.

#### 5.6. Mikilvæg atriði

Bankinn skal án tafar og til viðbótar við ofangreinda skýrslugjöf upplýsa hluthafa um öll mikilvæg mál sem upp kunna að koma, eða eru ákveðin af bankanum og gætu haft afgerandi áhrif á rekstur og efnahag. Jafnframt skal bankinn upplýsa Bankasýslu ríkisins um öll mikilvæg mál sem upp kunna að koma eða eru ákveðin af bankanum og kunna að hafa áhrif á atriði er varða samninginn.

#### 6. Upplýsingamiðlun

Landsbankinn skal miðla framtíðarsýn sinni, stefnumörkun og árangri með skýrum hætti á heimasíðu sinni.

Landsbankinn skal birta ársfjórðungslegar fjárhagsupplýsingar opinberlega. Bankasýslan mun árlega gefa út skýrslu með heildstæðum upplýsingum, m.a. um þau fjármálafyrirtæki sem hún fer með eignarhlut í.

Ætíð skal auglýst í stöður æðstu stjórnenda Landsbankans, svo sem bankastjóra og framkvæmdastjóra.

Fulltrúum fjölmiðla, ráðherrum og alþingismönnum skal heimilt að sækja aðalfundi Landsbankans.



## 7. Önnur atriði

Samkomulag er um að stefnt skuli að því að starfskjör bankastjóra Landsbankans verði sem fyrst sambærileg við kjör fyrir svipuð störf á fjármálamarkaði en séu þó ekki leiðandi, samanber IV. kafla eigandastefnu ríkisins.

## 8. Gildistími og endurskoðun

Samningurinn skal tekinn til endurskoðunar ef þörf krefur t.d. ef veruleg breyting verður á eignarhaldi bankans, meirihluta stjórnarmanna, aðstæður eða eigandastefna ríkisins breytast markvert, verði fjármálagerningar útgefnir af bankanum skráðir á markað, sem og að teknu tilliti til þess hvernig ákvæðum samningsins og skilyrðum hefur verið fylgt eftir eða fullnægt.

Samningurinn skal halda gildi sínu allt þar til nýr samningur er gerður og verður því einungis numin úr gildi með nýjum samningi, uns starfi Bankasýslu ríkisins er lokið, verulegar breytingar verða á eignarhaldi bankans eða Bankasýslan er ekki lengur hluthafi.

Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor samningsaðili sínu eintaki. Bankasýsla ríkisins mun birta útdrátt úr samningnum í mars eða apríl 2011.

Reykjavík, 16. desember 2010



F.h. Bankasýslu ríkisins  
Elín Jónsdóttir,  
forstjóri



F.h. stjórnar NBI hf.  
Gunnar Helgi Hálfðánarson,  
formaður stjórnar

FYLGISKJAL

[EIGENDASTEFNA RÍKISINS]



## EIGANDASTEFNA RÍKISINS 2009

### Fjármálafyrirtæki

Í kjölfar stofnunar nýju bankanna haustið 2008 með uppskiptingu eigna og skulda gömlu bankanna hefur verið kallað eftir að ríkið setji sér sérstaka stefnu sem eigandi þeirra.\* Áður voru nær öll fjármálafyrirtæki landsins í einkaeigu og ríkið hafði ekki tilefni til að marka sér stefnu sem eigandi að fjármálafyrirtækjum. Nú þegar ríkið á eignarhluti í nokkrum fjármálafyrirtækjum† sem einnig eiga í samkeppni sín á milli er æskilegt og óhjákvæmilegt að hlutverk og ábyrgð ríkisins sem eiganda séu vel skilgreind sem og markmið með eignarhaldinu. Þá er mikilvægt tryggja góða og arðbæra nýtingu þeirra miklu fjármuna sem ríkið leggur til íslenskra fjármálastofnana.

Eigandastefnu ríkisins er ætlað að skýra fyrirætlanir ríkisins sem eiganda að fjármálafyrirtækjum. Sérstaklega reynir á nú þegar endurreisn íslensks fjármálakerfis stendur yfir og hefur ríkið því ákveðið að setja upp sérstakt tímabundið skipulag vegna utanumhalds um eignahluti sem það kann að eignast í fjármálafyrirtækjum. Stefnan tekur mið af þessum sérstöku aðstæðum og er með henni leitast við að skapa trúverðugleika og traust á ríkinu sem eiganda, bæði út á við gagnvart öllum almenningi, viðskiptavinum fjármálafyrirtækja og erlendum lánadrottnum og samstarfsaðilum, og einnig inn á við, gagnvart Alþingi, framkvæmdarvaldinu, fjármálafyrirtækjunum, starfsfólki þeirra og stjórnendum.

Stefnan skiptist í fjóra meginþætti:

1. Markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum.
2. Skipulag eigandahlutverksins innan ríkisins, þ.e. ábyrgð hvers aðila og tengsl milli þeirra.
3. Meginreglur sem ríkið setur sér sem eigandi.
4. Kröfur og viðmið í rekstri fjármálafyrirtækja sem ríkið á hluti í.

Hér er í fyrsta skipti sett fram skýr og skrifleg eigandastefna af hálfu ríkisins. Ætlunin er að eigandastefna ríkisins í fjármálafyrirtækjum geti orðið fyrirmynd að almennri eigandastefnu ríkisins sem unnin verði á næstu misserum og nái til allra félaga og fyrirtækja sem ríkið á hluti í.

Stefnan verður endurskoðuð reglulega, fyrst í mars 2010, og ef þörf krefur uppfærð með hliðsjón af þróun fjármálamarkaðar og þróun á eignarhaldi ríkisins. Hún gildir gagnvart aðilum sem fara með eignarhald ríkisins í fjármálafyrirtækjum og einnig þeim sem setjast í stjórnir fyrir hönd ríkisins, hvort sem það á meirihluta í tilteknu fjármálafyrirtæki eða ekki. Í þeim tilvikum þar sem ríkið á minnihluta munu stjórnarmenn sem sitja fyrir hönd þess halda sjónarmiðum eigandastefnunnar á lofti innan stjórnarinnar eins og við á hverju sinni. Þótt sumt í stefnunni eigi einungis við um fyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins væntir ríkið þess að öll fjármálafyrirtæki sem það hefur aðkomu að sjái sér hag í því að fylgja tilmælum og markmiðum hennar. Með samhentum átaki verði þannig byggður upp lífvænlegur íslenskur fjármálamarkaður.

\* Rétt er að halda því til haga að niðurstöður samningaviðræðna milli ríkisins, sem eiganda nýju bankanna, og skilanefnda gömlu bankanna, f.h. kröfuhafa, gera ráð fyrir að eignarhald nýju bankanna geti færst í hendur skilanefnda að verulegu leyti.

† Eftir að viðskiptabankarnir þeir voru stofnaðir hafa að auki nokkrir sparisjóðir óskað eftir eiginfjárframlagi ríkisins á grundvelli laga nr. 125/2008, um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl.





## **I. Markmið ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum**

Eftir þær breytingar sem orðið hafa á íslenskum fjármálamarkaði síðan haustið 2008 á ríkið nú eignarhluti í sumum stærstu fjármálafyrirtækjum landsins. Fyrir dyrum stendur að byggja upp heilbriggt og öflugt fjármálakerfi sem þjónar hagsmunum Íslendinga. Endurskipulagning fjármálakerfisins verður krefjandi verkefni. Til að hún geti gengið farsællega fyrir sig er mikilvægt að ríkið komi fram sem upplýstur og stefnumarkandi eigandi í þessum fyrirtækjum og ræki eigandahlutverkið af kostgæfni. Ríkið þarf að vera trúverðugur eigandi fjármálafyrirtækja og hlutverk þess hafið yfir vafa um pólitísk afskipti af daglegum ákvörðunum fyrirtækjanna. Þau markmið sem nú eru sett varðandi eignarhald, skipulag, stjórnhætti og áform um hvernig farið verður með eignarhluta geta haft afgerandi áhrif á hvernig íslenskur fjármálamarkaður þróast á næstu árum.

Eignarhald ríkisins á fjármálafyrirtækjum lýtur þremur meginmarkmiðum og fjórum undirmarkmiðum sem hér segir:

### **Meginmarkmið**

#### **1. Að stuðla að uppbyggingu heilbrigðs og öflugs fjármálakerfis sem þjónar hagsmunum íslensks samfélags.**

Leggja þarf áherslu á að þeir sem fara með eignarhluti ríkisins í fyrirtækjum á fjármálamarkaði taki ákvarðanir um uppbyggingu og þróun fjármálafyrirtækja sem styðja við ofangreint markmið. Bankasýsla ríkisins, stjórnarmenn, stjórnendur og starfsfólk fjármálafyrirtækja gegna þarna lykilhlutverki.

#### **2. Að byggja upp traust og trúverðugleika á íslenskum fjármálamarkaði.**

Í kjölfar falls bankanna hefur traust á fjármálastofnunum beðið hnekki. Lykilatriði er að vinna það traust til baka og skiptir stefnumótun eiganda þar miklu máli. Starfsemi, skipulag, upplýsingagjöf og aðgerðir fjármálastofnana eru einnig mikilvægur þáttur í þessari viðleitni. Rekstur og stjórnun fjármálafyrirtækja þurfa að vera hafin yfir vafa og leiðbeiningar og reglur sem unnið er eftir að vera skýrar og aðgengilegar.

#### **3. Að ríkið fái arð af því fé sem það leggur til íslenskra fjármálafyrirtækja.**

Ríkissjóður leggur til umtalsverðar fjárhæðir af skattfé sem eiginfjárframlag til endurreisnar íslenskra fjármálafyrirtækja. Mikilvægt er að þessi fjárfesting njóti eðlilegrar arðsemi, þótt ljóst sé að meginávinningurinn felist í skilvirkri þjónustu bankakerfisins og þætti þess við endurreisn efnahags- og atvinnulífsins.

### **Undirmarkmið**

#### **1. Að tryggja samkeppni á fjármálamarkaði til framtíðar.**

Þrátt fyrir að hluti fjármálafyrirtækja verði a.m.k. tímabundið í eigu ríkisins er mikilvægt að öflug samkeppni ríki á þessum markaði. Mikilvægt er að stjórnvöld og stjórnendur banka og annarra fjármálastofnana taki ekki ákvarðanir í tengslum við endurskipulagningu fjármálakerfisins sem draga úr eða takmarka samkeppni.

- 2. Að fjármálastofnanir sem ríkið á eignarhluti í hagi starfsemi sinni þannig að rekstur þeirra sé skilvirkur, markvisst sé unnið að endurskipulagningu og stuðlað að nýsköpun og þróun starfseminnar.**

Mikilvægt er að endurreisn íslensks fjármálakerfis taki mið af stærð íslensks samfélags og þörfum. Í því ljósi þarf að meta möguleika fjármálastofnana til hagræðingar og endurskipulagningar, en jafnframt að horft verði til framtíðar varðandi þróun á þjónustunni og nýjungar í rekstri.

- 3. Að bankar og fjármálastofnanir sem ríkið á eignarhluti í þjóni markvisst heimilum og fyrirtækjum í landinu.**

Fjármálastofnanir sem ríkið á hlut í skulu leggja áherslu á hefðbundna viðskiptabankastarfsemi og halda fjárfestingabankastarfsemi, sé hún fyrir hendi, skýrt afmarkaðri frá grunnstarfsemi. Staða margra heimila og fyrirtækja er nú erfið vegna efnahagshrunsins. Ríkið, sem eigandi fjármálastofnana, leggur áherslu á að fjármálastofnanir komi til móts við þarfir þeirra á þrengingartímum. Sérstök áhersla skal lögð á að gera fólki kleift að standa við skuldbindingar sínar og styðja við lífvænleg fyrirtæki.

- 4. Að eignaraðild í fjármálafyrirtækjum verði dreifð.**

Þrátt fyrir að hluti íslenskra fjármálafyrirtækja sé í eigu íslenska ríkisins er stefnan sú að íslensk fjármálafyrirtæki verði til framtíðar með dreifða eignaraðild. Breytingar á eignarhaldi eða sala á eignarhlutum eru háðar ákvörðunum ríkisstjórnar. Komi til sölu eignarhluta skal undirbúa þær aðgerðir af kostgæfni og gefa Alþingi kost á því að koma að gerð reglna sem um slíka sölu eða hlutafjáraukningu munu gilda.

## II. Skipulag

Eigandahlutverk ríkisins varðar einkum framkomu þess sem eiganda í fyrirtækjum. Miklu skiptir hvernig eiginlegu fyrirkomulagi eigandahlutverksins er háttað innan ríkisins og hverjir koma að því. Að vera eigandi að fjármálafyrirtækjum er einungis eitt af mörgum hlutverkum sem ríkið hefur gagnvart fjármáلامarkaðnum. Meginhlutverk þess eru þrjú:

1. Stefnumótunarhlutverk.
2. Eftirlitshlutverk.
3. Umsýsla eignarhluta.

Viðtækt eignarhald ríkisins á fjármáلامarkaði kallar á að gerður sér skýr greinarmunur á þessum þremur hlutverkum. Hlutverk ríkisins við stefnumótun (lagasetning) og eftirlit á mörkuðum er frábrugðið hlutverki þess sem eigandi. Til þess að viðhalda lögmæti þeirra aðgerða sem ríkið grípur til og byggja upp traust á ríkinu sem eiganda og fjármálakerfinu í heild er nauðsynlegt að þessi hlutverk séu aðskilin.

Því hefur verið mörkuð sú stefna að eignarhlutir, og þar með eigandahlutverk ríkisins, gagnvart hlutafélögum sem ríkið á meirihluta í séu á forræði eins ráðuneytis, fjármálaráðuneytisins, sem alfarið fer þá með umsýslu eignarhlutanna. Alþingi fer með stefnumótunarhlutverkið (lagasetning) og að hluta til viðskiptaráðuneytið (frumvarpasmíð, reglugerðir o.fl.) Loks fer Fjármálaeftirlitið með eftirlitshlutverkið. Með þessu eru dregnar skýrar línur milli hlutverks ríkisins sem eiganda og annarra hlutverka þess. Kostirnir við þetta fyrirkomulag eru eftirfarandi:

1. Skýr aðskilnaður næst milli eigandahlutverks ríkisins og annarra hlutverka þess, svo sem reglusetningar á fjármáلامörkuðum.
2. Meiri eining verður um hlutverk ríkisins sem eiganda og samræmi í fyrirkomulagi.
3. Aukið samræmi og betri yfirsýn fæst yfir fjárhagsupplýsingar um eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum.
4. Þekking og reynsla á hlutverki eiganda í fjármálafyrirtækjum verður á einum stað.

Á undanförunum árum hefur þróunin innan ríkja OECD verið í þessa átt og mælir OECD með því í leiðbeiningum sínum um stjórnarhætti fyrirtækja í eigu ríkisins. Þá hefur verið ákveðið að fela sérstakri stofnun, Bankasýslu ríkisins, að fara tímabundið með eignarhluti ríkisins meðan á uppbyggingu fjármálakerfisins stendur.

Eftirfarandi aðilar hafa áhrif á meðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Mikilvægt er að hlutverk hvers og eins aðila sé eins skýrt og frekast er kostur.

### Alþingi

Alþingi skilgreinir í lögum þátttöku ríkisins í rekstri fyrirtækja sem rekin eru sem sjálfstæðir lögaðilar, svo sem fjármálafyrirtæki, og veitir til þess nauðsynlegar lagaheimildir. Ýmis almenn lög varða síðan ábyrgð og skyldur ríkisins sem eiganda fjármálafyrirtækja og þarf ríkið að fara eftir þeim líkt og aðrir eigendur fjármálafyrirtækja.

Alþingi setur framkvæmdarvaldinu meginreglur til að vinna eftir þegar eigandahlutverkinu er sinnt og hefur eftirlit með framkvæmdarvaldinu á þessu sviði sem og öðrum.

### **Fjármálaráðuneytið**

Fjármálaráðuneytið fer, fyrir hönd ríkisins, með forræði á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum og ber ábyrgð á meðferð þeirra gagnvart Alþingi. Fjármálaráðuneytið ber ábyrgð á eigandastefnu ríkisins og hefur eftirlit með framkvæmd hennar. Fjármálaráðherra gefur þinginu skýrslu einu sinni á ári um stöðu fjármálafyrirtækja með hliðsjón af markmiðum og áherslum sem fram koma í stefnunni.

Bankasýsla ríkisins ber ábyrgð á að framfylgja eigandastefnunni gagnvart fjármálaráðuneytinu sem aftur hefur eftirlit með því að stofnunin vinni eftir lögum og eigandastefnu ríkisins.

### **Bankasýsla ríkisins**

Bankasýsla ríkisins fer með eigandahlutverk ríkisins í fjármálafyrirtækjum meðan á uppbyggingu og endurreisn fjármálakerfisins stendur. Markmiðið er að umsýsla eignarhluta verði fagleg og traust og hafin yfir vafa.

Bankasýslan er fagleg umsýslustofnun eignarhluta. Hún lýtur sérstakri stjórn og starfar eftir sérstökum lögum þar sem verkefni hennar eru skýrt skilgreind. Stofnunin fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum fyrir hönd fjármálaráðuneytisins og fara starfsmenn stofnunarinnar með eignarhluti ríkisins og atkvæðarétt þess á hluthafafundum. Stofnunin setur fjármálafyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkisins viðmið í rekstri með samningum, m.a. um endurskipulagningu fjármálafyrirtækja, og hefur eftirlit með því að settum markmiðum verði náð. Áhrif Bankasýslu ríkisins eru meiri eftir því sem hlutur ríkisins í fjármálafyrirtækjum er stærri. Ef ríkið er minnihluta eigandi þarf að gera samninga í samráði við aðra hluthafa.

Stjórn stofnunarinnar skipar sérstaka þriggja manna valnefnd sem tilnefnir fyrir hönd ríkisins aðila til setu í bankaráðum og stjórnnum fjármálafyrirtækja.

Bankasýsla ríkisins sér alfarið um samskipti ríkisins sem eiganda við fjármálafyrirtæki sem ríkið á hluti í og tengjast eigandahlutverki þess. Bankastjórnir, stjórnir og stjórnendur fjármálafyrirtækja munu ekki eiga bein samskipti við fjármálaráðuneytið eða ráðherra.

### **Bankaráð og stjórnir**

Hlutverk bankaráða og stjórna fjármálafyrirtækja er að vinna að framgangi fyrirtækjanna samkvæmt lögum, reglum og leiðbeinandi tilmælum sem um starfsemina gilda, á grunni áherslna í eigandastefnu ríkisins og eftir atvikum markmiða sem fram koma í samningum milli þeirra og Bankasýslu ríkisins.

Bankaráð eða stjórnir fjármálafyrirtækja eru ábyrg fyrir rekstri einstakra fjármálafyrirtækja og geta ekki vikið sér undan þeirri ábyrgð.

### III. Meginreglur

Sem eigandi í fjármálafyrirtækjum þarf ríkið að hafa mótaða afstöðu til þess hvernig æskilegt er að starfsemi þeirra sé háttáð. Á sama tíma þarf að tryggja að afskipti eigandans af fjármálafyrirtækjum séu skipuleg, gagnsæ og hafin yfir vafa, og sett fram með faglegum og málefnalegum hætti. Eftirtaldar meginreglur gilda þegar ríkið kemur að rekstri fjármálafyrirtækja sem eigandi. Bankasýslu ríkisins ber að fylgja þessum meginreglum í störfum sínum og samskiptum við fjármálafyrirtæki og stjórnar- og bankaráðsmenn á vegum ríkisins ættu að hafa þær í heiðri.

1. Jafnræði í starfsemi fjármálafyrirtækja og í samskiptum við hluthafa.
2. Gagnsæi í samskiptum ríkisins við fjármálafyrirtæki.
3. Helstu tillögur og ákvarðanir eiganda í málefnum sem snerta rekstur fjármálafyrirtækja skulu settar fram, ræddar og bornar upp til samþykkis á aðalfundum þeirra.
4. Bankasýsla ríkisins mun, í samvinnu við aðra eigendur ef við á, setja árangursviðmið fyrir fyrirtækin. Stjórnir og bankaráð bera ábyrgð á því að þeim sé fylgt eftir.
5. Fjármagnsskipan fjármálafyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins skal taka mið af markmiðum sem ríkið hefur með eignarhaldinu sem og stöðu fyrirtækjanna sjálfra.
6. Samsetning stjórna og bankaráða skal taka af mið hæfni og fjölbreytni á grundvelli eðlis og starfsemi hvers fyrirtækis.
7. Launafyrirkomulag skal vera gagnsætt og sanngjarnt miðað við almenna framvindu efnahagslífsins og að vel unnin störf stuðli að framgangi.
8. Stjórnir og bankaráð skulu vera sjálfstæð gagnvart stjórnendum og framkvæmdastjórn fyrirtækjanna.
9. Ætíð skal auglýst í stöður æðstu stjórnenda, svo sem banka- og framkvæmdastjóra.
10. Stjórnar- og bankaráðsmenn á vegum ríkisins ættu að vinna eftir skýrum áætlunum og leitast stöðugt við að bæta hæfni sína til að ná settum markmiðum.
11. Fjármálafyrirtækin skulu vera meðvituð um samfélagslega ábyrgð sína.
12. Starfsmannastefna fjármálafyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins skal leitast við að tryggja virka þátttöku allra sem þar vinna, greinargóða miðlun upplýsinga til starfsfólks og starfsmannalýðræði. Fullt jafnrétti kynja í launamálum og framgangi starfa innan fyrirtækjanna skal sett í öndvegi.

#### IV. Kröfur og viðmið í rekstri fjármálastofnana

Á grundvelli markmiða ríkisins með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum og meginreglna þess sem eiganda hefur ríkið skilgreint kröfur og viðmið varðandi starfsemi þeirra. Stjórnarmenn og aðrir sem taka á einhvern hátt þátt í stjórn eða rekstri þessara fyrirtækja fyrir hönd ríkisins skulu í störfum sínum vinna að því að eftirfarandi kröfum og viðmiðum sé fylgt.<sup>‡</sup>

##### Samskipti ríkis og fjármálafyrirtækja sem það á eignarhluti í

- Þeir sem fara með eigandahlutverk ríkisins í fjármálafyrirtækjum eiga að sinna því í samræmi við félagsform hvers fyrirtækis. *Algengast er að slík fyrirtæki séu hlutafélög og skal þá fara eftir lögum og reglum sem um slíka starfsemi gilda.*
- Aðkoma ríkisins sem eigandi byggist á almennum viðurkenndum viðmiðum um góða stjórnarhætti fyrirtækja. *Auk þeirra viðmiða sem sett eru fram í eigandastefnu ríkisins eiga fjármálafyrirtæki að fara að lögum og reglum sem um starfsemina gilda og fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem m.a. byggjast á leiðbeiningum frá OECD. Árlega skal birta yfirlýsingu um stjórnarhætti fyrirtækjanna í ársskýrslum þeirra.*
- Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti í fjármálafyrirtækjum og kemur fram fyrir hönd ríkisins á aðal- og hluthafafundum. *Stjórn og starfsfólk Bankasýslu ríkisins eiga hvorki að taka þátt í daglegum rekstri fyrirtækjanna né hafa áhrif á ákvarðanir þeirra utan hefðbundinna samskiptaleiða sem tengjast félagsformi hvers fyrirtækis eða um er samið í samningum milli Bankasýslunnar og fjármálafyrirtækja. Bankasýslan skal kappkosta að efla og styrkja samkeppni á fjármálamarkaði og hafa skýrt skipulag í samskiptum sínum við fyrirtækin þannig að staða hennar sé trúverðug.*
- Hluthafafundur (á líka við um stofnfjárfund eða samsvarandi vettvang annarra félagsforma) hefur æðsta vald í öllum málefnum fjármálafyrirtækja. *Ríkið líkt og aðrir hluthafar beri upp mál sín á hluthafafundi.*
- Stjórnir, bankaráð og stjórnendur fjármálafyrirtækja skulu ekki hafa beint samband við fjármálaráðherra eða fjármálaráðuneytið vegna atriða sem varða einstök fyrirtæki eða einstaklinga. *Öll almenn samskipti ríkisins, sem eiganda fjármálastofnana, við fjármálafyrirtæki fara í gegnum Bankasýslu ríkisins.*

##### Stefnumörkun og vinnulag

- Fjármálafyrirtæki skulu hafa skýra framtíðarsýn og markmið varðandi starfsemi sína. *Auk þeirra markmiða og áherslna sem fram koma í eigandastefnu og samningum við Bankasýslu ríkisins skulu fjármálafyrirtæki setja sér skýr og metnaðarfull markmið í rekstri sínum.*
- Fjármálafyrirtæki skulu miðla framtíðarsýn sinni, stefnumörkun og árangri með skýrum hætti á heimasíðum sínum. *Um er að ræða framtíðarsýn á helstu þætti, svo sem starfsmannastefnu,*

<sup>‡</sup> Viðmiðin eiga við hvort sem ríkið á meirihluta eða minnihluta í tilteknum fjármálastofnunum. Eðli máls samkvæmt hefur ríkið meira að segja um rekstur þeirra fyrirtækja sem það á meirihluta í og þurfa þau að skýra frá ef viðmiðunum er ekki sinnt. Þrátt fyrir að ríkið geti ekki krafist slíks af fyrirtækjum þar sem það á einungis lítinn hlut í mælir það þó með því að öll fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhluti í fari eins og kostur er eftir þeim viðmiðum sem hér eru sett fram.

*stefnu um samfélagslega ábyrgð, jafnrétti o.fl. Ekki er ætlast til þess að fyrirtækin upplýsi um þau atriði í stefnumörkun sinni sem snúa að viðkvæmum samkeppnisþáttum.*

- Fjármálafyrirtæki skulu setja fram og framfylgja skriflegum reglum um siðferði og stefnu um samfélagslega ábyrgð. *Við gerð slíkrar stefnu og reglna ættu fyrirtækin að leita alþjóðlegra fyrirmýnda. Með því treysta fyrirtækin rekstrargrundvöll sinn og auka truverðugleika starfseminnar sem þar fer fram. Það er hlutverk stjórnarinnar að samþykkja slíka stefnu og reglur og mun ríkið sem eigandi leggja sérstaka áherslu á þessa þætti í tengslum við þá upplýsingagjöf sem fyrirtækin verða krafín um.*
- Fjármálafyrirtæki skulu koma sér upp innri verkferlum um lykilþætti í starfsemi sinni, svo sem endurskipulagningu skuldsettra fyrirtækja, úrlausn skuldavanda einstaklinga, sölu eigna o.fl. *Mikilvægt er að slíkir ferlar séu skilvirkir og gagnsæir og birtir á heimasíðum fyrirtækjanna. Við þetta ættu fjármálafyrirtæki að hafa til hliðsjónar álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008, ákvarðanir banka og stjórnvalda um framtíð fyrirtækja á samkeppnismörkuðum.*
- Fjármálafyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins þurfa að huga sérstaklega að gagnsæi og jafnræði í innkaupum og útboðum. *Miklar kröfur eru gerðar til ríkisstofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins þegar kemur að kaupum á þjónustu. Innkaup stórra aðila geta þannig haft margvísleg áhrif, t.d. á markaði, birgja og umhverfi. Fjármálafyrirtæki sem eru í meirihlutaeigu ríkisins taki mið af reglum um opinber og vistvæn innkaup og hagi þeim á sem hagkvæmastan hátt. Fyrirtækin setji sér skýrar og einfaldar reglur á þessu sviði í samvinnu við Ríkiskaup.*
- Fjármálafyrirtæki þurfa að byggja upp góðan orðstír. *Traust á fjármálastofnunum til framtíðar og góður orðstír skiptir miklu um hvernig til tekst með uppbyggingu fjármála-kerfisins. Mikilvægt er að fjármálafyrirtækin, stjórnar- og bankaráðsmenn og Bankasýslan, þar sem við á, fyrir hönd eiganda hugi að þessum þætti.*
- Fjármálafyrirtæki ættu í stefnumörkun og vinnulagi að huga sérstaklega að umhverfisvernd og sjálfbærri þróun samfélagsins. *Fjármálafyrirtæki geta gegnt lykilhlutverki á þessu sviði.*

### **Starfshættir bankaráða og stjórnna**

- Stjórnir og bankaráð fjármálafyrirtækja sem ríkið á eignarhluti í eru sjálfstæðar í störfum sínum. Þau hafa sömu valdheimildir og ábyrgð og stjórnir annarra fyrirtækja á almennum markaði og lúta sömu lögum og reglum. *Mikilvægt er ábyrgð aðila sé skýr og enginn vafi leiki á því að stjórnir fjármálafyrirtækja beri ábyrgð á starfsemi þeirra gagnvart eigendum.*
- Stjórnir og bankaráð fjármálafyrirtækja sem ríkið á eignarhluti í eiga að starfa eftir reglum og leiðbeiningum sem fyrir liggja um stjórnarhætti fyrirtækja á almennum markaði. *Flest fjármálafyrirtæki eru hlutafélög og stjórnir þeirra starfa því eftir þeim reglum sem um þau gilda og er m.a. kveðið á um í lögum um hlutafélög. Einnig skulu stjórnir fjármálafyrirtækja fylgja leiðbeiningum um störf stjórnna sem fram koma í nýjustu útgáfu leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði og fleiri aðilum.*
- Hlutverk stjórnar- og bankaráðsmanna, sem sitja í krafti eignarhalds ríkisins, er að gæta hagsmuna fyrirtækjanna og tryggja framgang eigandastefnu ríkisins og samninga sem fyrirtækin gera við Bankasýsluna. *Eigandastefna ríkisins er leiðarljós stjórnarmanna í störfum þeirra og ber þeim að fylgja henni. Ef Bankasýslan gerir samninga við fjármálastofnanir sem kveða á um viðmið í rekstri og frekari markmið skulu stjórnarmenn vinna að framgangi þeirra.*

- Fjármálafyrirtæki skulu setja sér skriflegar starfsreglur sem fjalla nánar um hlutverk og störf stjórnar og bankaráða. *Slíkar reglur ættu að fjalla um verkaskiptingu stjórnar og samskipti stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Reglurnar ætti að yfirfara árlega.*
- Stjórnar- og bankaráðsmenn sem valdir eru af ríkinu til setu í stjórnnum og bankaráðum fjármálafyrirtækja skulu valdir með tilliti til þess að ekki komi til hagsmunaárekstra við önnur störf þeirra. *Stjórnarmenn ættu þar af leiðandi ekki að koma úr stjórnsýslunni ef þeir annast mál sem tengjast reglusetningu, eftirliti á fjármálamarkaði eða öðrum ákvörðunum sem tengjast mismunandi hlutverkum ríkisins gagnvart fjármálafyrirtækjum.*
- Stjórnir og bankaráð fjármálafyrirtækja skulu koma sér upp undirnefndum. *Nefndirnar eiga að lágmarki að vera: 1) Starfskjaranefnd sem gerir tillögur um launastefnu. 2) Endurskoðunarnefnd sem fylgist með ferlum sem tengjast bókhaldi og uppgjörsglum fyrirtækjanna. 3) Áhættustýringarnefnd sem veitir stjórninni aukna innsýn í helstu áhættuþætti rekstrarins, svo sem útlánaáhættu, markaðsáhættu, greiðsluhæfisáhættu, rekstraráhættu o.fl. Setja þarf skýr markmið í starfsemi áhættustýringarnefndar þannig að við ákveðin viðmiðunarmörk og álagspróf verði nefndinni gert viðvart og viðbrögð stjórnenda rædd í nefndinni.*
- Tryggja þarf jafnvægi milli stjórnar, sem fulltrúa eigenda, og stjórnenda. Forstjórar og bankastjórar eiga ekki að vera stjórnarmenn í fjármálafyrirtækjum og í fyrirtækjum eiga ekki að starfa stjórnarformenn eða bankaráðsmenn. *Skýr skil þurfa að vera milli stjórnar og stjórnenda fjármálafyrirtækja. Þannig verði mörk valda og ábyrgðar skýr í stjórnkerfi fyrirtækja. Ákveðin hættu er á því að ríkið verði óvirkur eigandi sem leitt getur til þess að stjórnendur fyrirtækjanna fari að stýra þeim eftir öðrum markmiðum en eigandans. Stjórnir og bankaráð þurfa að vera vakandi fyrir þessari hættu í starfsemi sinni.*
- Bankasýsla ríkisins, fyrir hönd ríkisins sem eiganda, fylgist með starfsemi stjórnarmanna sem sitja fyrir hönd ríkisins í stjórnnum fjármálafyrirtækja, en segir þeim ekki fyrir verkum frá degi til dags. *Með þessum hætti er ábyrgð stjórnarmanna skýr sem og hlutverk Bankasýslunnar.*
- Sérstök valnefnd metur og tilnefnir einstaklinga til setu í stjórnnum og bankaráðum fjármálafyrirtækja, en Bankasýsla ríkisins kýs stjórnir fyrirtækjanna á hluthafafundum. *Valnefndin velur stjórnarmenn fyrir hönd ríkisins og tilnefnir þá til starfsins til Bankasýslu ríkisins. Nefndin metur meðal annars óhæði þeirra aðila sem til greina koma til stjórnarsetu. Valnefndin leitar eftir stjórnarmönnum að eigin frumkvæði en einnig geta aðilar sem telja sig uppfylla skilyrði fyrir stjórnarsetu í fjármálafyrirtækjum gefið kost á sér við valnefndina.*
- Stjórnarmenn banka og fjármálafyrirtækja skulu hafa víðtæka og haldgóða þekkingu á rekstri fjármálafyrirtækja. *Ríkið mun kappkosta að velja fyrir sína hönd aðila með fjölbreytta menntun og hæfni tengda rekstri fjármálafyrirtækja. Huga þarf að þörfum hvers fyrirtækis fyrir sig og markmiðum ríkisins við val á stjórnarmönnum.*

#### **Upplýsingagjöf ríkis og fjármálafyrirtækja**

- Fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins skulu ársfjórðungslega birta fjárhagsupplýsingar sínar opinberlega. *Þetta eru sömu reglur og gilda um félög sem skráð eru á markaði.*
- Árlega skulu fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins gefa út skýrslu þar sem bæði er farið yfir fjárhagslegan árangur og árangur tengdan almennri starfsemi. *Í þessum skýrslum skal auk ársreiknings gefa upplýsingar um starfsemi, árangur, stjórnarhætti, samfélagslega ábyrgð o.fl. sem fyrirtækið telur nauðsynlegt að sé gefið upp.*



- Bankasýsla ríkisins skal árlega gefa út skýrslu með heildstæðum upplýsingum um starfsemi sína og þeirra fjármálafyrirtækja sem hún fer með eignarhluti í. *Slík skýrsla skal innihalda helstu upplýsingar um fyrirtækin og mat á því hvernig til hefur tekist í rekstri með hliðsjón af markmiðum eigandastefnu ríkisins.*
- Fjármálaráðherra mun kynna skýrslu Bankasýslunnar sérstaklega á Alþingi. *Fjármálaráðherra skal gera þeirri þingnefnd sem fer með bankamál grein fyrir efni skýrslunnar og fulltrúar Bankasýslu ríkisins mæta á fund hennar óski nefndarmenn eftir því.*

#### Eftirlit

- Bankasýslan hefur eftirlit með eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum og störfum stjórnar og bankaráða í samræmi við það. *Verkefni hennar er m.a. að standa að kjöri stjórnar- og bankaráðsmanna samkvæmt tilnefningu frá sérstakri valnefnd, fylgjast með og meta fjárhagslegan árangur og taka afstöðu til þátta sem kalla á ákvörðun eigenda um rekstur þeirra.*
- Fjármálafyrirtækin skulu koma sér upp skilvirkum ferlum um innra eftirlit og innri endurskoðun. *Gera skal opinberlega grein fyrir helstu ferlum um innra eftirlit fjármálafyrirtækja á heimasiðum þeirra. Mikilvægt er að innri endurskoðandi sé sjálfstæður í störfum sínum þannig að starf hans mótist ekki um of af fyrimælum stjórnenda fyrirtækisins. Koma skal á fót sjálfstæðri einingu innri endurskoðanda beint undir stjórn fyrirtækisins sem skilar skýrslum til stjórnar og endurskoðunarnefndar stjórnarinnar.*
- Fjármálafyrirtæki í meirihlutaeigu ríkisins skulu fylgja sömu lögum, reglum og kvöðum varðandi bókhald og uppgjör og fyrirtæki sem skráð eru í kauphöll. *Þannig verður best tryggt að opinber fjármálafyrirtæki séu eins gagnsæ og fyrirtæki á almennum verðbréfamarkaði.*

#### Launakjör

- Kjararáð ákveður laun bankastjóra og forstjóra fjármálafyrirtækja sem ríkið á meira en helmingshlut í. *Stjórnir bera annars ábyrgð á að starfskjarastefnu sé fylgt og ber þeim að útskýra og réttlæta launaákvæðanir sínar. Í þeim tilvikum sem ríkið á ekki meirihluta gilda almennar reglur og stjórn ákveður launakjör.*
- Opinber fjármálafyrirtæki skulu tileinka sér hófsemi þegar kemur að launakjörum. *Með þessu er átt við að laun stjórnenda eigi að standast samanburð á þeim sviðum sem viðkomandi fyrirtæki starfa á, en séu ekki leiðandi.*
- Stjórn gerir árlega tillögur um framgangskerfi og starfskjarastefnu til hluthafafundar.

#### Jafnræði og jafnrétti

- Jafnræði milli hluthafa. Algert jafnræði skal vera milli ríkisins og annarra hluthafa sem kunna að eiga í félagi við það hluti í fjármálastofnunum. *Ríkið fer með eigandahlutverk sitt innan ramma þeirra reglna sem almennt gilda um fjármálafyrirtæki. Ef ríkið á eignarhluti í fjármálastofnun í félagi við aðra eigendur mun það ekki fá frekari upplýsingar en aðilar á markaði líkt og hluthafar í öðrum fyrirtækjum.*
- Jafnræði milli viðskiptavina. *Bankarnir skulu leitast við gæta jafnræðis í störfum sínum gagnvart viðskiptavinum sínum og fara eftir skilgreindum ferlum og verklagi.*
- Gæta jafnréttissjónarmiða í starfseminni. *Við ráðningar og launasetningu skulu fjármálafyrirtækin framfylgja jafnréttissjónarmiðum í hvívetna.*